

Þriðjudaginn 7. febrúar 1984.

Nr. 139/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Benedikt Hrafnkelssyni

(Árni Halldórsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða með stefnu 10. júní 1983. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 23. ágúst 1983.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn, þar á meðal vottorð Veðurstofu Íslands, uppdrættir, ljósrit af skráningarspjöldum bifreiðarinnar S 1168 og lögreglubifreiðarinnar U 635, myndir af lögreglubifreiðinni og ljósrit af ökuskirteinum ákærða og Helgu Sigurborgar Jónsdóttur með myndum af þeim. Framhaldsdómpróf hafa verið háð eftir uppsögu héraðsdóms.

Samkvæmt framlögðum uppdrætti eru um 100 m frá verkstæðishúsi því, sem í málinu greinir, að þjóðvegi 1, Norðurlandsvegi. Frá þeim stað eftir þjóðveginum að staðnum, þar sem lögreglumenn stöðvuðu bifreiðina S 1168, eru um 350 m.

Í vottorði veðurstofunnar segir, að á miðnætti aðfaranótt 23. apríl 1981 hafi verið norðanátt á Eyvindará, 3 vindstig, snjókoma, skyggni 4.5 km og hiti \div 6,4°. Kl. 0600 um morguninn hafi verið norðanátt, 4 vindstig, snjókoma á síðustu 6 klukkustundum, skyggni 20 km og hiti \div 6,0°. Bifreiðin S 1168 var fólksbifreið af gerðinni Peugeot 404, árgerð 1971. Bifreiðin U 635 var Chevrolet Pickup árgerð 1977. Vinstri handar stýri var á báðum bifreiðunum.

Upplýst er, að ákærði og Helga Sigurborg bjuggu saman í óvígðri sambúð.

Að ósk verjanda ákærða gaf hann skýrslu fyrir sakadómi um samskipti sín við Arnar Jensson lögregluvarðstjóra í sambandi við

aflestur af þungaskattsmæli vörubifreiðar, er ákærði átti. Tveir menn aðrir voru og leiddir fyrir dóm til að bera um þessi samskipti. Svo virðist sem yfirheyrslur þessar hafi farið fram í því skyni að sýna, að Arnar hafi borið óvildarhug til ákærða, og enn fremur, að hann hafi ekki haft skýra sjón. Ekki verður séð, að framburðir þessir hafi þýðingu fyrir úrslit máls þess, sem hér er til úrlausnar, og verða þeir ekki raktir.

Eins og greinir í héraðsdómi, fengu þau ákærði og Helga Sigurborg far með bifreið frá Valaskjálfi að verkstæðishúsi í Fellahreppi að lokinni skemmtuninni aðfaranótt 23. apríl 1981. Meðal farþega í sömu bifreið voru Þórey Ingimarsdóttir og Þorvarður Kristjánsson múrari. Hann hefur komið fyrir dóm sem vitni eftir uppsögu héraðsdóms. Skýrði hann svo frá, að hann hefði setið frammi í bifreiðinni á leiðinni ásamt þeim Þóreyju og öikumanni. Hann kvaðst hafa farið út úr bifreiðinni við verkstæðishúsið og séð bifreið ákærða þar. Hann kvaðst hafa séð, er þau ákærði og Helga Sigurborg settust inn í bifreiðina og hafa horft á Helgu Sigurborgu setjast undir stýri, en ekki tekið eftir, er bifreiðinni var ekið af stað. Hann sagði, að hrím hefði verið á rúðu bifreiðar þeirrar, er hann var í. Hann kvaðst ekki muna, hvort hrím hefði verið á rúðum bifreiðar ákærða, en taldi, að það hefði hlotið að vera miðað við aðstæður.

Vitnið Þórey Ingimarsdóttir hefur komið fyrir dóm að nýju eftir uppsögu héraðsdóms. Ítrekaði vitni þetta þann framburð sinn, að það hefði séð Helgu Sigurborgu aka bifreið ákærða eftir bifreiðastæðinu fyrir framan verkstæðishúsið. Vitnið sagði, að hrím frekar en snjór hefði verið á framrúðu bifreiðar ákærða og hefði aðeins verið búið að skafa það af á hringlaga bletti bílstjórægin. Vitnið kvað Helgu Sigurborgu hafa ekið fram hjá bifreið þeirri, er það var í, og telja, að ákærði hefði verið í bifreiðinni með henni, en ekki séð hann og hafi hrímið valdið því, að það sá hann ekki.

Bæði þessi vitni voru að eigin sögn undir áhrifum áfengis og Þorvarður „all nokkuð drukinn“. Þau hafa bæði staðfest framburði sína með drengskaparheiti.

Arnar Jenson lögregluvarðstjóri og Arnfinnur Gísli Jónsson héraðslögregluþjónn, sem stóðu að handtöku ákærða, hafa komið fyrir dóm eftir uppkvaðningu héraðsdóms og staðfest framburði sína með eiði.

Fram kemur af gögnum málsins, að báðir þessir lögreglumenn þekktu ákærða í sjón, Arnfinnur Gísli vel. Arnar kveðst hafa séð hann drukkinn eftir dansleikinn í Valaskjálfi. Báðir hafa lögreglumennirnir borið, að skyggni hafi verið gott, er þeir stöðvuðu bifreið ákærða, en Arnfinnur Gísli segir, að snjócoma hafi verið fyrir um nóttina. Framburðir þeirra lögreglumannanna eru raktir í héraðsdómi. Arnar, sem var ökumaður lögreglubifreiðarinnar í umrætt skipti, segist hafa ekið fram með bifreið ákærða smástund og hafa teygst sig til hægri til að sjá betur, hver æki, og séð þegar, að það var ákærði. Arnfinnur Gísli, sem var í lögreglubifreiðinni með Arnari, segist hafa séð mjög greinilega, að ákærði ók bifreiðinni, er þeir lögreglumennirnir fóru fram úr henni. Í skýrslu, sem Arnar ritaði um handtöku ákærða, segir hann, að þeir Arnfinnur Gísli hafi ekið honum frá lögreglustöðinni að heilsugæslustöðinni til blóðtöku. Hafi ákærði þá sagt við þá, að hann væri að reyna að komast hjá því að „missa réttindin, þar sem hann lifði að hluta til á akstri“. Enn fremur, „að hann gæti ekki viðurkennt akstur, þó að hann vissi, að við hefðum séð hann aka“.

Ekki hefur komið fram í framburði lögreglumannanna, ákærða eða Helgu Sigurborgar, að hrím hafi verið á rúðum bifreiðarinnar S 1168, er lögreglumennirnir stöðvuðu hana.

Með framburði fyrrgreindra lögreglumanna, Arnars Jenssonar og Arnfinns Gísla Jónssonar, þykir sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni S 1168, er lögreglumennirnir stöðvuðu hana á Norðurlandsvegi í umrætt skipti, og þykja önnur gögn málsins ekki geta hnekkst þeirri niðurstöðu. Varðar atferli ákærða miðað við alkóhólmagn í blóði hans við þau ákvæði umferðarlaga, sem í ákæru greinir. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 8.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 10 daga í stað sektar, verði hún ekki goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfisvipingu og sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 12.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Benedikt Hrafnkelsson, greiði 8.000.00 króna sekt

til ríkissjóðs og komi varðhald í 10 daga í stað sektar, verði hún ekki goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Norður-Múlasýslu 19. apríl 1983.

Árið 1983, þriðjudaginn 19. apríl, kl. 1500, var í sakadómi Norður-Múlasýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins að Bjólfsgötu 7, Seyðisfirði, af Sveinbirni Sveinbjörnssyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1/1982: Ákærvaldið gegn Benedikt Hrafnkelssyni.

I.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dagsettri 19. febrúar 1982, gegn „Benedikt Hrafnkelssyni, bónda, Hallgeirsstöðum, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu, fæddum 12. september 1953 á Egilsstöðum, fyrir að aka aðfaranótt fimmtudagsins 23. apríl 1981, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni S-1168 frá þorpinu norðan Lagarfljótsbrúar í Fellahreppi, Norður Múlasýslu, eftir Norðurlandsvegi nokkurn spöl, þar til lögreglumenn stöðvuðu aksturinn.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Skipaður verjandi ákærða í máli þessu, Árni Halldórsson, hæstaréttarlögmaður á Egilsstöðum, hefur krafist þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins og að allur málskostnaður verði lagður í ríkissjóð.

Samkvæmt sakarvottorði ákærða, dagsettu 2. júlí 1981, hefur hann ekki sætt refsingum, svo kunnugt sé.

II.

Málavextir eru þessir:

Hinn 23. apríl 1981, kl. 0330, óku tveir lögregluþjónar úr lögreglunni á Egilsstöðum, þeir Arnar Jensson varðstjóri og Arnfinnur Jónsson héraðs-

lögregluþjónn, fram á bifreiðina S-1168, þar sem þeir voru í umferðareftirliti á Norðurlandsvegi skammt norðan við Lagarfljótsbrú. Arnar, sem gerði skýrslu um mál þetta, segir í henni, að hann hafi ekið upp að bifreiðinni, sem var á leið norður, og séð strax, að ökumaður hennar var ákærði í máli þessu, Benedikt Hrafnkelsson, Hallgeirsstöðum, Hlíðarhreppi. Þar sem Arnar hafði séð ákærða drukkin þá fyrr um nóttina, stöðvaði hann lögreglubifreiðina fyrir framan bifreiðina S-1168. Fór hann þegar út og sá þá unga konu stíga út úr bifreiðinni S-1168 og ganga í kring um hana að dýrum ökumanns. Þá segir Arnar í skýrslu sinni, að hann hafi fylgst með ákærða færa sig úr ökumannssæti yfir í farþegasætið.

Ákærði var nú færður yfir í lögreglubifreiðina, en þar neitaði hann að hafa ekið, heldur hefði kona sín, Helga Sigurborg Jónsdóttir, séð um aksturinn. Var nú farið með þau ákærða og Helgu á lögreglustöðina á Egilsstöðum. Þar héldu þau bæði því fram, að Helga hefði ekið, en ekki ákærði. Þar sem ákærði var greinilega ölvaður og Helga kvaðst hafa neytt áfengis lítilliga, voru tekin úr þeim blóðsýni til alkóhólákvörðunar. Að því loknu voru þau flutt í fangelsi lögreglunnar á Egilsstöðum og geymd þar, það sem eftir var nætur.

Næsta morgun tók Arnar lögregluvarðstjóri skýrslur af ákærða og Helgu um atburðinn. Kvaðst ákærði í henni hafa verið að skemmta sér með konu sinni í Valaskjálfi kvöldinu áður og neytt þar áfengis, u. þ. b. $\frac{3}{4}$ úr flösku. Segist hann svo hafa farið með bifreið Kristjáns Björnssonar norður að bifreiðaverkstæði Þorsteins og Borgþórs í Fellahreppi og þaðan hefði Helga ekið bifreið ákærða, S-1168, að þeim stað, þar sem lögreglan stöðvaði þau. Framburðarskýrsla Helgu var í samræmi við skýrslu ákærða, og tók hún fram, að hann hefði aldrei sest undir stýri bifreiðarinnar S-1168 í umrætt sinn.

Magn alkóhóls í blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða, reyndist vera 1.54‰ en 0.46‰ í blóðsýni því, sem tekið var úr Helgu.

Ákærði og sambýliskona hans, Helga Sigurborg Jónsdóttir, komu fyrir rétt 1. júlí 1981. Notfærði Helga sér ekki rétt sinn skv. 1. tl. 89. gr. 1. 74/1974 til að skorast undan að gefa skýrslu sem vitni.

Skýrði Helga svo frá, að um kvöldið hinn síðasta vetrardag, þá um vorið, hefði hún farið á árshátíð hestamannafélagsins á Egilsstöðum, sem haldin hafi verið í félagsheimilinu Valaskjálfi. Kvaðst hún hafa komið á skemmtunina nokkuð á undan ákærða, en hann hefði þá verið að gera við bifreið sína S-1168 og svo skilið hana eftir við verkstæðisbyggingu, sem hann eigi í Fellahreppi. Hefði ákærði tjáð sér þegar hann kom á skemmtunina, að hann hefði ákveðið að skilja bílinn þar eftir og reyna heldur að fá far um nóttina yfir að Hallgeirsstöðum, þar sem veðurútlit væri ekki gott og vegurinn gæti orðið ófær fyrir fólksbíla.

Helga kvaðst hafa neytt áfengis um nóttina, en ekki hafa fundið til áfengisáhrifa nema smástund snemma um kvöldið.

Vitnið sagði, að skömmu eftir að samkomunni lauk um kl. 0300 hefðu ákærði og hún fengið far með bifreið Kristjáns Björnssonar úr Hlíðarhreppi og hefði maður að nafni Sigurjón Jónsson, einnig úr sömu sveit, ekið bifreiðinni. Um það leyti sem þau hefðu lagt af stað, hefðu þau ákærði ákveðið að aka bifreiðinni S-1168 yfir að Hallgeirsstöðum. Hefðu þau tekið þessa ákvörðun vegna þess, að þau hefðu talið, að leiðin væri fær, og svo hins, að þau yrðu í samfloti með bifreið Kristjáns Björnssonar. Vitnið sagði, að þeim ákærða hefði nú verið ekið út að bifreið ákærða og hefði hún ekið henni af stað, en ákærði setið í farþegasætinu við hlið sér. Sagðist vitnið ekki hafa fundið til áfengisáhrifa og því talið í lagi að aka. Síðan segir svo um framhaldið í sakadómsbók: „Segist vitnið nú hafa ekið út á aðalveginn og frá verkstæðisbyggingu Benedikts, en er það hafi verið búin að aka nokkur hundruð metra eftir honum, kveðst vitnið hafa tekið eftir billjósum á eftir sér. Hafi Benedikt því beðið sig um að stöðva bifreiðina, vegna þess að fólkið í bílnum á eftir, sem vitnið segir að þau hafi bæði álitnið að væri bifreið Kristjáns Björnssonar, vildi tala við þau. Segist vitnið hafa gert það, og hafi bifreiðinni þá verið ekið fram úr þeim. Hafi vitnið þá farið út úr bifreiðinni, og sömuleiðis Benedikt, en er það hafi verið komið út hafi það tekið eftir því, að bifreiðin, sem hefði stöðvað fyrir framan þau, var lögreglubifreið, en ekki bíll Kristjáns Björnssonar. Hafi tveir lögreglubjónar komið gangandi og farið beint til Benedikts, sem þá hafi verið sestur aftur inn í bílinn. Segir vitnið að lögreglan hafi farið með Benedikt yfir í lögreglubifreiðina, og sótt sig svo eftir nokkra stund.“

Vitnið sagði, að þegar framangreindur atburður átti sér stað, hafi verið snjókomma og slæmt skyggni. Þá tók vitnið fram, að bifreið Kristjáns Björnssonar og lögreglubifreiðin séu líkar í útliti að öðru leyti en því, að litur þeirra sé ekki sá sami.

Ákærði skýrði frá fyrir dómi á svipaðan hátt og Helga, sambýliskona hans varðandi það, hvar hann skildi bifreið sína eftir, þegar hann fór á skemmtunina í Valaskjálfi, hvers vegna hann gerði það og með hverjum þau Helga fengu far frá Valaskjálfi út að bifreið ákærða. Sagði hann, að það hefði orðið að samkomulagi með þeim Helgu um nóttina, að hún æki bifreiðinni heim að Hallgeirsstöðum. Síðan segir svo orðrétt í sakadómsbók: „Segir mættur að Kristján hafi ekið þeim alveg að verkstæðinu, sem sé skammt norðan við Lagarfljótsbrú, norðan við aðalveginn. Þar hafi Helga, sem sé vanur bílstjóri, ekið af stað, en mættur setið við hlið henni, sem farþegi. Hafi Helga nú ekið út á aðalveginn og beygt til norðurs. Segir mætti, að þá er þau hafi verið búin að aka ca. 2 - 300 m. hafi hann tekið eftir billjósum á eftir þeim og talið að það væri Kristján Björnsson, þar

sem þau hafi ekið af stað á undan honum. Þar sem bifreið þessi hafi dregið þau uppi, segist mætti hafa sagt Helgu að hægja á sér og gá hvort þeir í bifreið Kristjáns vildu ekki hafa tal af þeim. Hafi hún gert það og numið staðar og bifreiðin þá ekið fram úr þeim og stöðvað þar. Segist mættur þá hafa stigið út til þess að ræða við fólkíð í hinum bílnum, en séð þá að þetta var lögreglubifreið og sömuleiðis að tveir lögregluþjónar hlupu aftur með henni. Kveðst mættur þá hafa sest aftur inn í bílinn. Hafi lögregluþjónarnir fyrst rætt við Helgu, en svo komið til sín og beðið sig um að koma yfir í lögreglubifreiðina, sem mættur og gerði. Þar hafi þeir fljótlega borið upp á sig að hafa verið að aka bifreiðinni S-1168, sem mættur kveðst þá og ætíð síðan hafa neitað staðfastlega.“

Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa verið útúrdrukkinn, þegar lögreglan stöðvaði þau Helgu, en fundið á hinn bóginn vel til áfengisáhrifa. Þá sagði ákærði aðspurður, að það skipti sig miklu máli að hafa ökuréttindi, þar sem hann hefði mestan hluta tekna sinna af akstri vörubíls, sem hann ætti.

Vitnin Arnar Jensson lögregluvarðstjóri, Laugavöllum 9, Egilsstöðum, og Arnfinnur Jónsson héraðslögregluþjónn, Reynivöllum 11, Egilsstöðum, komu fyrir dóm hinn 13. ágúst 1981. Skýrði Arnar þá svo frá, að í umrætt sinn hefði hann verið í eftirlitsferð á lögreglubifreið ásamt Arnfinni Jónsyni héraðslögregluþjóni, og kvaðst Arnar hafa ekið. Nokkru eftir að dansleiknum í Valaskjálfi lauk, kvaðst vitnið hafa ekið norður fyrir Lagarfljótsbrú vegna umferðar, sem þar hafi verið. Kvaðst vitnið m. a. hafa viljað kanna, hvort eitthvað væri til í því, sem sagt væri, að menn ækju þarna ölvadir. Sagði vitnið, að „þegar þeir Arnfinnur hafi verið komnir yfir í Fellahrepp, hafi þeir tekið eftir umferð upp að bifreiðaverkstæði Jóhanns og Borgþórs, sem standi rétt við Norðurlandsveginn, skammt norðan við byggðakjarnann. Þá segir vitnið að þeir hafi einnig séð á afturljós á bíl, sem ekið var á undan þeim eftir Norðurlandsvegi og tekið ákvörðun um að aka fram fyrir hann og kanna ástand ökumanns. Segir vitnið, að þegar það hafi verið rétt búið að draga bifreið þessa uppi, hafi það séð að þar fór bifreiðin S-1168, sem vitnið vissi að var í eigu Benedikts Hrafnkelssonar, Hallgeirsstöðum, Hlíðarhreppi. Ekki kvaðst vitnið telja að nokkuð hefði verið athugasvert við akstur bifreiðarinnar, en kveðst á hinn bóginn hafa verið þegar ákveðinn að stöðva hana, bæði vegna þess, að það, þ.e. vitnið, hefði séð eiganda hennar Benedikt drukkin eftir dansleikinn í Valaskjálfi, og svo hitt að það hafði þá fyrr um kvöldið tekið eftir hvar bifreiðin S-1168 stóð við bifreiðaverkstæði Jóhanns og Borgþórs. Segist vitnið hafa ekið fram með bifreiðinni sem hafi þegar vikið, og ekið samsíða henni smástund. Segist vitnið hafa teygt sig til hægri til þess að sjá betur hver æki S-1168 og séð þegar að það var Benedikt Hrafnkelsson. Kveðst vitnið þá hafa gefið hljóðmerki og Arnfinnur gefið Benedikt merki um að nema

staðar, hvað hann hafi gert og segist vitnið Arnar þá hafa ekið fram fyrir bifreiðina og stöðvað þar ca. 3 m fyrir framan hana. Segist Arnar þegar hafa farið út úr lögreglubifreiðinni og gengið aftur með henni. Þegar hann hafi verið kominn að vinstra afturhorni hennar, hafi hann séð, þegar Helga kona Benedikts var að ganga aftur fyrir bifreiðina S-1168 farþega megin. Hafi hún gengið aftur fyrir bílinn og kvaðst vitnið hafa mætt henni við dyr ökumanns. Segist vitnið hafa spurt hana hvert hún væri að fara. Hafi hún þá hikað við og stöðvað, en sagt svo eitthvað á þá leið, að hún væri að fara inn í bílinn. Segist vitnið nú hafa opnað hurðina og hafi Benedikt þá setið í farþegasæti bifreiðarinnar frammí, en ekki kveðst vitnið muna eftir að hafa séð er hann færði sig þangað. Segist vitnið hafa beðið Benedikt um að koma yfir í lögreglubifreiðina, og hafi hann þegar gert það. Hafi Benedikt þá þegar neitað að hafa ekið og sett upp undrunarsvip, þegar það hafi verið borið upp á hann.“

Vitnið sagði, að þeir Arnfinnur hefðu nú farið með ákærða og Helgu af stað áleiðis til Egilsstaða í löreglubifreiðinni. Við Lagarfljótsbrú hefðu þeir mætt lögregluþjónunum Hauki Kjerúlfi og Jóni Bergssyni og hefði Helga verið flutt yfir í bifreiðina til þeirra. Vitnið tók fram, að þau Helga og ákærði hefðu ekki ræðst við, frá því þau voru handtekin og þar til þeim var sleppt úr haldi næsta dag.

Vitnið sagði aðspurt, að Helga hefði verið hikandi í framburði sínum og spurt um það, hvað ákærði hefði sagt. Þá sagði vitnið, að ákærði hefði í greint sinn verið nokkuð ölvaður og töluvert æstur.

Að lokum sagði vitnið, þegar það var spurt enn á ný, að það gæti lagt eið að því, að ákærði hefði ekið bifreiðinni í umrætt sinn, en ekki Helga, og vitnaði í því sambandi til þess, hversu ólík þau séu, hann mjög dökkur, en hún rauðhærð.

Vitnið Arnfinnur Jónsson skýrði frá á svipaðan hátt og Arnar Jónsson og sagði, að eftir að dansleiknum lauk í Valaskjálfi, hefðu þeir Arnar farið norður fyrir Lagarfljót í umferðareftirlit. Hefðu þeir þá m. a. séð, að bíl var ekið á undan þeim norður eftir Norðurlandsvegi, og þeir ákveðið að kanna bifreið þessa nánar. Síðan segir svo orðrétt í sakadómssbók: „Segir vitnið, að þegar þeir Arnar hafi verið komnir fast að bifreiðinni hafi það kennt að það var bifreið Benedikts Hrafnkelssonar, Hallgeirsstöðum, S-1168. Ekki kveðst vitnið hafa tekið eftir einhverju óeðlilegu við akstur bifreiðarinnar. Segir vitnið, að er þeir hafi ekið fram úr bifreiðinni hafi það séð mjög greinilega að Benedikt ók henni. Kveðst vitnið vera tilbúið að leggja eið að þessum framburði sínum og tekur fram að það hafi þá þekkt Benedikt vel í sjón. Segir vitnið aðspurt, að skyggni hafi verið gott er þetta gerðist, en snjóað hafi fyrr um nóttina.

Segir vitnið, að þeir Arnar hafi nú gefið Benedikt stöðvunarmerki og

hafi hann stöðvað þegar og hafi Arnar numið staðar rétt fyrir framan bifreiðina. Kveðst vitnið þegar hafa farið út úr lögreglubifreiðinni og gengið aftur með henni. Hafi það þá séð, hvar Helga kona Benedikts var að ganga aftur fyrir S-1168 og að komast að bílstjórahurðinni. Segist vitnið nú hafa tekið eftir að Benedikt var kominn yfir í farþegasætið, en ekki kveðst vitnið hafa séð, er hann flutti sig þangað. Hafi Benedikt nú verið færður yfir í lögreglubifreiðina, og hann þá þegar neitað að hafa ekið. Á hinn bóginn kveðst vitnið hafa heyrt Benedikt segja í lögreglubifreiðinni, að hann yrði að þræta fyrir að hafa ekið, vegna þess að hann hefði atvinnu af akstri.“

Þrjú vitni, sem öll voru í bifreiðinni S-1812, sem flutti þau ákærða og Helgu frá Valaskjálfi norður fyrir Lagarfljótsbrú, þ. e. þeir Sigurjón Jónsson bóndi, Torfastóðum, Hlíðarhreppi, en hann ók bifreiðinni í greint sinn, og þeir Kristján Hrímnir Björnsson bóndi, Grænumýri, Hlíðarhreppi, og Björn Magni Björnsson bóndi, Sleðbrjótsseli, Hlíðarhreppi, hafa öll komið fyrir dóm. Öllum þessum vitnum ber saman um það, að ákærði og Helga hafi farið úr bifreiðinni við bifreiðaverkstæði í Fellahreppi, en enginn þeirra kveðst vita, hvað orðið hefði af þeim, eftir að þau yfirgáfu bifreiðina S-1812.

Fjórdða vitnið, sem var í bifreiðinni S-1812, Þórey Ingimarsdóttir ráðskona, til heimilis að Skriðufelli í Hlíðarhreppi, kom fyrir dóm 3. desember 1981. Vitnið kvaðst hafa verið á samkomunni í Valaskjálfi og neytt þar áfengis. Sagðist vitnið hafa fundið vel til áfengisáhrifa, en verið langt í frá, að hún hefði verið ofurölvi. Vitnið kvaðst hafa setið fram í bifreiðinni S-1812 við hlið bílstjóra á leiðinni norður, eftir að dansleiknum lauk. Rétt eftir að komið hafi verið norður fyrir Lagarfljótsbrú, hafi verið ekið að verkstæðisbyggingu, þar sem bifreið ákærða hafi staðið, og hafi Helga og ákærði farið þar út. Vitnið kvaðst ekki muna, hvar bifreið ákærða hefði staðið, en sagðist á hinn bóginn muna eftir að hafa séð Helgu aka bifreiðinni burtu. Kvaðst vitnið vera alveg viss um, að það hafi verið Helga, en ekki ákærði, sem ók bifreiðinni, og kvaðst vitnið vera tilbúið að leggja eið að þessum framburði sínum.

Vitnið taldi aðspurt, að aðrir, sem sátu fram í bifreiðinni S-1812 í greint sinn, hefðu átt að sjá bifreið ákærða, þegar henni var ekið frá verkstæðinu.

Vitnið Arnar Jensson lögregluvarðstjóri kom aftur fyrir dóm og hafði þá meðferðis teikningu, sem hann hafði gert af lóð Bifreiðabjónustu Borgþórs og Jóhanns í Fellahreppi. Var teikning þessi lögð fram sem dómskjal nr. 9. Er uppdráttur þessi gerður af Arnari, eins og hann minnir, að aðstæður hafi verið við greint verkstæði ca. kl. 2200 kvöldið, sem umræddur dansleikur var haldinn í Valaskjálfi, en á þessum tíma kvaðst vitnið hafa farið að verkstæðinu í eftirlitsferð. Kvaðst vitnið vera alveg viss um, að bifreið ákærða hefði á þessum tíma staðið við vesturenda verkstæðisins.

III.

Í máli þessu er hægt að færa fram rök, sem hníga að því að ákærði verði sýknaður. Kemur þar einkum tvennt til. Í fyrsta lagi hve eindregið ákærði og sambýliskona hans hafa ávallt haldið því fram, bæði fyrir lögreglu og dómi, að ákærði hafi ekki ekið bifreiðinni S-1168 í umrætt sinn. Er athyglisvert að bæði halda fast við þennan framburð sinn eftir að hafa setið í fangageymslu lögreglunnar á Egilsstöðum í nokkurn tíma. Í öðru lagi styður sýknu sá framburður Þóreyjar Ingimarsdóttur, að Helga hafi ekið bifreiðinni af stað frá verkstæðisbyggingunni, en ekki ákærði.

Telja verður hins vegar afar ósennilegt, að tveimur allsgáðum lögregluþjónum, sem óku meðfram bifreið ákærða og lögðu sig fram um að sjá, hver væri ökumaður hennar, hafi missýnst svo hrapallega, að þeir báðir hafi tekið Helgu Jónsdóttur, sem er kona með rauðan háralit, fyrir ákærða, sem er svarthærður karlmaður. Er athugandi í þessu sambandi, að varla hefur verið meira en 1 metri milli Arnfinns Jónssonar og ökumanns S-1168, og svo hitt, að Arnfinnur tók fram fyrir rétti, að hann hefði þekkt ákærða í sjón, áður en greindur atburður átti sér stað. Þá tóku báðir lögregluþjórnir fram fyrir dómi, að þeir hefðu séð Helgu ganga aftur fyrir bifreið ákærða, þegar þeir komu út úr lögreglubifreiðinni. Ber því með hliðsjón af framansögðu að líta svo á, að ákærði hafi ekið bifreið sinni, S-1168, þegar lögreglan ók fram úr henni á Norðurlandsvegi. Hins vegar er ekki sannað, að hann hafi ekið bifreiðinni alla leið frá verkstæðisbyggingunni. Er þessi háttsemi ákærða færð til rétttra refsíákvæða í ákærinni.

Með framangreindri háttsemi sinni þykir ákærði hafa unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. 1. 54/1976.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga.

Þá ber skv. 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dómsins að telja.

Dæma ber ákærða skv. 1. mgr. 141. gr. 1. nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hrl. 4.500.00 krónur.

Ákærði og sambýliskona hans voru í vörslu lögreglunnar á Egilsstöðum, frá því er þau voru handtekin um nóttina, þar til næsta morgun, er þeim var sleppt eftir skýrslutöku. Ekki verður séð, hvaða tilgangi það þjónaði að láta þau sitja í fangageymslu lögreglunnar svo lengi, þar sem þeim var sleppt, án þess að áður væri haft upp á vitnum og þau yfirheyrd, sem var þá brýnt.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Benedikt Hrafnkelsson, greiði kr. 6.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar.

Ákærði skal sviptur ökuréttindum í 1 ár, talið frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, 4.500.00 krónur.

Miðvikudaginn 8. febrúar 1984.

Nr. 183/1982. **Ingibjörg Magnúsdóttir**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Sjöfn Magnúsdóttur

Margréti Magnúsdóttur

Braga Magnússyni

Sigurlaugu Magnúsdóttur og

Ingveldi Jónsdóttur vegna dánarbús

Hannesínu Bjarnadóttur

(Jóhann Þórðarson hdl.)

Fasteignakaup. Afsal. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. september 1982.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerkjur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Til vara krefst áfrýjandi sýknu af öllum kröfum stefndu.

Enn fremur krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.